

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2025, nr. 1483/2024.

1. gr.

Á eftir orðinu „örorku-“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: hlutaörorku-, sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Desemberuppbót til örorku-, hlutaörorku-, sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega og endurhæfingarlífeyrisþega skal nema 30% af fjárhæð tekjutryggingar skv. 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 3. mgr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, í samræmi við þær reglur sem giltu um útreikning fyrrnefndra greiðsluflokka 31. ágúst 2025. Fjárhæð desemberuppbótar reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti greiðsluþega á árinu 2025.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eingreiðslur til örorku-, hlutaörorku-, sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega og endurhæfingarlífeyrisþega.*

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 63. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og 14. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, öðlast þegar gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 24. nóvember 2025.

Inga Sæland.

Ásgeir Runólfsson.

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025